

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður á Akranesi:

1. Bifreiðastöður eru leyfðar sunnanvert við Suðurgötu á móts við Akraness Apótek, Suðurgötu 32.
2. Umferð um Víkurbraut nýtur forgangs fyrir umferð um Innnesveg og Garðagrund (biðskylda).
3. Umferð um Esjubraut nýtur forgangs fyrir umferð um Smiðjuvelli og Dalbraut (biðskylda).
4. Umferð um Sandabraut nýtur forgangs fyrir umferð um Faxabraut (biðskylda).

Reglur þessar taka gildi þegar í stað og falla jafnframt úr gildi eldri ákvæði um umferð sem fara í bága við þessar nýju reglur.

*Bæjarfógetinn á Akranesi, 4. maí 1979.*

**Björgvin Bjarnason.**

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður á Akranesi:

1. Bifreiðastöður eru leyfðar sunnanvert við Suðurgötu á móts við Akraness Apótek, Suðurgötu 32.
2. Umferð um Innnesveg og Garðagrund nýtur forgangs fyrir umferð um Víkurbraut (biðskylda).
3. Umferð um Esjubraut nýtur forgangs fyrir umferð um Smiðjuvelli og Dalbraut (biðskylda).
4. Umferð um Faxabraut nýtur forgangs fyrir umferð um Sandabraut (biðskylda).

Reglur þessar taka gildi þegar í stað og falla jafnframt úr gildi eldri ákvæði um umferð, er fara í bága við þessar nýju reglur.

Auglýsing þessi er leiðrétting á auglýsingu um umferð á Akranesi, dags. 4. maí s. l. er birtist í Lögbirtingablaðinu 18. maí s. l. nr. 39.

*Bæjarfógetinn á Akranesi, 23. maí 1979.*

**Björgvin Bjarnason.**